

Alþingi
Erindi nr. P 127/406
komudagur 7.12.2001



LANDVERND

Ránargata 18
101 Reykjavík
Sími: 552 5242
Fax: 562 5242
Netfang: landvernd@landvernd.is
Veffang: www.landvernd.is

Umhverfisnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Bt. Helgu Þórisdóttur

6. desember 2001

Efni:

Úmsögn þingsályktunartillögu um stækkun friðlands í Þjórsárverum, 8 mál.

Vísað er í bréf umhverfisnefndar dagsett 16. nóvember sl. þar sem óskað er eftir úmsögn Landverndar vegna þingsályktunartillögu um stækkun friðlands í Þjórsárverum (8. mál). Jafnframt er lagt til að gerð verði áætlun um friðun Þjórsár frá mörkum friðlandsins í Þjórsárverum til suðurs að Sultartangalóni.

Ýmislegt í framlögðum gögnum um þetta mál bendir til þess að ástæða geti verið til að endurmeta mörk friðlandsins í Þjórsárverum til stækkunar. Þau mörk sem sett hafa verið virðast ekki eiga sér beina skírskotun í náttúrufræðilegum og landslaglegum skilningi. Þjórsárverin í heild falla ekki innan friðlandsins sé litið til vistfræðilegra, vatnafarslegra og landslagslegara heilda.

Það er mikilvægt að hafa í huga að Þjórsárver eru einstætt vistkerfi á heimsvísu, afar tegundaríkt og eitt helsta varpland heiðagæsar í heiminum. Þá eru Verin alþjóðlegt verndarsvæði samkvæmt Ramsarsáttmálanum um verndun votlendis. Framtíð svæðisins og áform um mannvirki í eða við Þjórsárver verður að meta með hliðsjón af þessu.

Framangreind atriði styðja þá tillögu sem fram hefur verið lögð. Þá ber einnig að hafa í huga að meðal íbúa í Gnúpverjahreppi hefur komið fram áhugi á því að friðlandið verði stækkað. Í þeim tillögum er gert ráð fyrir að friðlandið nái allt niður að Sultartangalóni, og þar með Þjórsá.

Við mat á tillögunni telur Landvernd að hafa verði hliðsjón af tveimur mikilvægum atriðum.

Í fyrsta lagi vill Landvernd benda á að nú er unnið að Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Innan hennar er fyrirhugað að skila skýrslu um samanburð á fyrstu 25 virkjunarhugmyndum fyrir árslok 2002. Í vinnuáætlun er gert ráð fyrir að bæði Norðlingaöldulón og 6. áfangi Kvíslaveita verði skoðuð í þessum áfanga. Niðurstöður þessarar vinnu ættu að varpa skýrara ljósi á forsendur fyrir þessum virkjunarhugmyndum.

Í öðru lagi er unnið að gerð náttúruverndaráætlunar og fyrstu drög hennar munu líta dagsins ljós á fyrri hluta næsta árs. Skv. 66. grein náttúruverndarlaga segir að í

náttúruverndaráætlun skulu vera sem gleggstar upplýsingar um náttúruminjar, þe. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi, sem ástæða þykir til að friðlýsa. Þá segir að þau svæði sem áætlunin tekur til séu m.a. óvenju tegundarík, nauðsynleg til að viðhalda sterkum stofnun mikilvægra tegunda, séu mikilvæg til að viðhalda náttúrulegu þróunarferli og hafi alþjóðlegt náttúruverndargildi. Verði áætlunin gerða á framangreindum forsendum mun hún eflaust skapa góðan grundvöll til að endurmeta ytri mörk friðlandsins í Þjórsárverum til stækkunar.

Landvernd tekur undir hugmyndir um stækkun friðlands í Þjórsárverum, en telur að við umfjöllun um það mál eigi að styðjast við væntanlega náttúruverndaráætlun og fyrstu niðurstöður Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Fram að þeim tíma er brýnt að ekki verði teknar ákvarðanir um framkvæmdir sem kunna að hafa neikvæð áhrif á lífríki og landslag í Þjórsárverum.

Ekki er fjallað sérstaklega um friðun Þjórsár norðan Sultartangalóns í greinargerð með tillögunni. Fram kemur að meðalrennsli Þjórsár á þessu svæði hefur þegar verið minnkað um allt að 40% með framkvæmdum og það hefur haft áhrif á Kjálkaversfoss, Dynk og Gljúfurleitarfoss. Þessi breyting á rennsli hefur haft neikvæð áhrif á vandargildi Þjórsár á því svæði sem vísað er til tillögunni. Fossarnir þrír, sem hér hafa verið nefndir, eru þó enn verðmæt náttúrufríbærir vegna sjónrænna áhrifa og það ber að hafa í hug við mat á verndargildi svæðisins.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Felixson

framkvæmdastjóri Landvernd